



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

8. fundur stjórnar 2024-2025 mánudaginn 26. ágúst 2024
kl. 16.00 - 18.00 haldinn í Borgartúni 27

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Zophonías Oddur Jónsson og Þóroddur Bjarnason.
Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir.
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjarasamningar. Staðan.
2. Vinnumatskerfið.
3. Næsti fundur.
4. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 16.05.

1. Kjarasamningar. Staðan.

Formaður sagði frá fundi háskólafélagana með rektorum ríkisháskólanna ásamt fulltrúum SNR þann 23. ágúst sl. Frá SNR voru þau Áslaug Helgadóttir og Steinn Jóhannsson. Rætt var um launakjör, stofnanasamninga og matskerfið. Fram kom að það er vilji háskólanna að koma til móts við félögin en það mætti ekki kosta neitt.

Þriðji fundur háskólafélagana þriggja með SNR var þann 26. ágúst sl. Á fundinum var meiri áhersla lögð á stjórnsýsluna eins og styttingu vinnuvikunnar og mál sem tengjast því. Þá var rætt um bókanir í kjarasamningi eins og greiðslu fyrir kennsluyfirvinnu til samræmis við aðra yfirvinnu hjá akademíunni og aðkomu félagsins að nýja reiknilíkani háskólans og þróun þess.

Erfið staða er innan BHM með að ná saman um stóru málin meðal aðildarfélagana. Viska er búin að semja og eru skiptar skoðanir á niðurstöðunni.

Formaður fór á fund með formanni og hagfræðingi BHM fyrr um morguninn til að ræða þá samninga sem eru á borðinu fyrir FPR.

Rætt var um að leggja áherslu á kjaraviðræður með FH og FHA og draga sig úr samstarfi með BHM-11.

Þóroddur kom kl. 16.25.

Sigrún er að fara í frí og tekur Ólafur Páll við boltanum á meðan. Þóroddur kemur tímabundið inn í samninganefnd félagsins ef þarf.

Rætt var um að fá fund með Samráðsnefnd um kjaramál hjá HÍ til að ræða stofnanasamninginn.

Stjórn var sammála um að samningar ganga hægt og var umræða um hvort vísa ætti kjaradeilunni til Ríkissáttasemjara en engin ákvörðun tekin.

2. Vinnumatskerfið.

Rætt var um matskerfið, kosti þess og galla og hugsanlegar breytingar á því. Finna þarf leið til að gera kerfið réttlátara og að fleiri verði ánægðir með það.

Rætt um hvort setja ætti þak á greiðslur úr vinnumatssjóðnum og hvar hámarkið ætti að liggja. Einnig kom fram áhugi fyrir því að geta flutt stig á milli ára. Þá var rætt um að samræma fjölda rannsóknastiga sem dragast frá við úthlutun hjá lektorum, dósentum og prófessorum.

Fram kom hugmynd um að stofna vinnuhóp með FH og FHA sem kæmi með tillögur að breytingum sem verði til umræðu á félagsfundi.

3. Næsti fundur.

Næsti fundur verður boðaður eftir þörfum með hliðsjón af kjaraviðræðum.

4. Önnur mál.

Skipan fulltrúa FPR í bakhóp BHM um virðismat starfa.

Formaður BHM sendi fyrirspurn um áhuga félagsins fyrir því að tilnefna fulltrúa í bakhóp BHM um virðismat starfa. Ástæðan er skipan Kolbrúnar Halldórsdóttur formann BHM í stýrihóp forsætisráðuneytisins um virðismat starfa í þágu launajafnréttis. Með Kolbrúnu starfa sérfræðingar BHM ásamt bakhóp aðildarfélaga bandalagsins um málið.

Rætt var um hver kæmi til greina sem fulltrúi FPR í bakhópnum. Tillaga kom fram um fulltrúa og mun Sigrún kanna hvort viðkomandi gefi kost á sér.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.15.

Fundarritari: LP.